

Alþingi
Erindi nr. P 131/1170
komudagur 5.Y. 2005



HÁSKÓLI ÍSLANDS

TANNLÆKNADEILD

Heilbrigðis-og trygginganefnd
Alþingis. C/o
Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Nefndarritari.

Reykjavík 1. apríl 2005.

Varðandi bréf dagsett 17.mars.2005:þar sem óskað er eftir umsögn tannlæknadeildar um frumvarp til laga um almannatryggingar, 587. mál varðandi tannlækniskostnað aldraðra öryrkja og barna.

REGLUGED.

Um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar.

(drög, 28.október 2004).

Frá sjónarhóli tannlæknadeildar er flest jákvætt við fyrirhugaðar breytingar.

II kafli

Um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við almennar tannlækningar skv.37. gr., sbr. 36.,gr.laga um almannatryggingar nr. 117/1993.

2.gr.

Þarna er skilgreint frekar hverjir njóta endurgreiðslna frá tryggingunum. Þetta er stórlega til bóta.

5. gr.

Þessar breytingar eru stórlega til bóta og færa reglurnar í takt við tímann, þar sem tannleysingjar eiga kost á stuðningi við festingu gervitanna, með implöntum, sem er gjörbylting í meðferðarmöguleikum fyrir þá sem eiga í vandræðum með los á gervitönnnum og hafa takmarkaða tungumýkt.

Sá möguleiki að veita skjólstæðingum TR fjárstuðning við gerð fastra tanngerva er sömuleiðis stórt framfaraspor og í takt við það að tannheilsa þjóðarinnar hefur batnað.

Vissulega vildi deildin að unnt væri að veita fleirum stuðning og þeim sem fá meira, en er það fullljóst að sjóðir eru takmarkaðir. Fagna ber og þakka það sem vel er gert og þetta er spor í rétta átt.

Kveðjur.

Einar Ragnarsson, deildarforseti.